



„ÉG BARA LÆRAÐI ÞAÐ SJÁLFUR“



Ráðstefna fyrir starfsfólk leikskóla Reykjavíkurborgar
á Hilton Reykjavík Nordica, 5. febrúar 2014

DAGSKRÁ

- 8:00 **Afhending ráðstefnugagna**
- 8:30 **Setning** – Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri SFS
- 8:45 **Tónlistaratriði** – Hjörleifur Hjartarson
- 9:00 **Gæði og jafnrétti í skólastarfi á tímum markaðsvæðingar**
Dr. Berglind Rós Magnúsdóttir, lektor við Háskóla Íslands
- 9:45 **Bæjarfélagið okkar – Lýðræði og læsi**
Anna Sofia Wahlström, deildarstjóri í leikskólanum Holti í
Reykjanesbæ
- 10:15 **Kaffihlé**
- 10:45 **Námssögur barna – Mat á vellíðan og þátttöku**
Kristín Karlsdóttir, lektor við Háskóla Íslands
- 11:30 **„Ég vil æfa mig að hoppa eins og spýtukarl úti“**
Anna Gréta Guðmundsdóttir, deildarstjóri í leikskólanum
Sæborg
- 12:00 **Umræður á borðum**
- 12:20 **Samantekt og slit**
Lilja Eypórsdóttir, leikskólastjóri í Klettaborg

Ráðstefnustjóri

Ásgerður Guðnadóttir, aðstoðarleikskólastjóri í Fífuborg

Gæði og jafnrétti í skólastarfi á tímum markaðsvæðingar

Dr. Berglind Rós Magnúsdóttir

Ábyrgð á að meta gæði í skólastarfi hefur í auknum mæli verið færð í hendur neytenda, þ.e. foreldra og nemenda. Markaðsvæðing í skólakerfum er hluti af ráðandi orðræðu sem felur í sér þá hugmynd að aukin neytendaábyrgð og einkavæðing auki gæði í skólastarfi. Foreldrar hafi frelsi til að velja það „besta“ fyrir börn sín og það leiði sjálfkrafa til aukins jafnréttis og meiri gæða. Rýnt verður nánar í þessa hugmyndafræði og hvaða afleiðingar hún getur haft fyrir jafnrétti, lýðræði og fagmennsku í skólastarfi.



Berglind Rós Magnúsdóttir er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og lauk doktorsprófi frá Cambridge-háskóla í Bretlandi 2013. Helstu rannsóknarsvið hennar eru jafnrétti og félagslegt réttlæti í skólastarfi og rannsóknir á menntastefnu þar sem áhrif markaðsvæðingar á gæði og jafnrétti í menntakerfum eru skoðuð.

Bæjarfélagið okkar – Lýðræði og læsi

Anna Sofia Wahlström

Markmið starfendarannsóknar sem unnin var í leikskólanum Holti 2012-2013 var að efla lýðræðisleg vinnubrögð í anda Reggio Emilia með áherslu á læsi, markvissa vinnu með skráningar og að gera kennurum kleift að rýna í og meta hvernig hægt er að greina og bæta ákveðna þætti í starfinu.

Í leikskólanum Holti eru uppeldisfræðilegar skráningar nýttar til að nálgast hugmyndir og reynslu barnanna. Í vinnu með viðfangsefnið *Bæjarfélagið okkar* unnu börnin með mismunandi þætti sem eru til staðar í bæjarfélaginu, s.s. ljós, vatn, tónlist, leikföng, víkinga, íþróttir, rusl og endurvinnslu. Markmiðið var að auka þátttöku og virkni allra og bæta skilning og nálgun sem kennarar og börn hafa varðandi lýðræði og læsi.



Anna Sofia Wahlström er deildarstjóri í leikskólanum Holti í Reykjanesbæ. Hún er leikskólakennari og lauk M.Ed. í náms- og kennslufræðum frá Háskóla Íslands 2012. Hún hefur sérhæft sig í listmenntun, listasögu og verkmenntun.

Námssögur barna - Mat á vellíðan og þátttöku

Kristín Karlsdóttir

Erindið fjallar um hvernig nota má námssögur barna sem matsaðferð í leikskólastarfi. Þegar námssögur barna eru skráðar er lesið í ólíkan tjáningarmáta og þátttöku barna og tekið mið af því sem börn gera og geta. Rætt verður hvernig námssögur geta nýst í leikskólastarfinu, t.d. varðandi skipulag og stefnumótun, ásamt gildi þeirra fyrir börn, foreldra, leikskólakennara og annað starfsfólk.



Kristín Karlsdóttir er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk M.Ed. gráðu í menntunarfræðum frá Kennaraháskóla Íslands 2001. Í kennslu og rannsóknum hefur hún unnið á margbreytilegan hátt með matsaðferð sem þróuð hefur verið á Nýja Sjálandi og byggir á því að skrá námssögur barna.


„Ég vil æfa mig að hoppa eins og spýtukarl úti“

Anna Gréta Guðmundsdóttir

Sagt verður frá tveimur skráningum sem sýna hvernig barn getur haft áhrif á eigið nám í leikskólanum. Annars vegar er það skráning þar sem fimm ára barn setur sér markmið í upphafi vetrar og metur þau sjálft í lok vetrar. Hins vegar skráning þar sem barn ákveður sjálft hvað það vill búa til handa foreldrum sínum í jólagjöf. Barninu er fylgt eftir frá því að hugmyndin kviknar þar til barnið hefur útfært hugmyndina.

Anna Gréta Guðmundsdóttir er leikskólakennari og starfar á leikskólanum Sæborg. Hún hefur sérhæft sig í skráningu.





Ásgerður Guðnadóttir

Ásgerður Guðnadóttir er aðstoðarleikskólastjóri í leikskólanum Fífuborg. Hún útskrifaðist frá Fósturskóla Íslands 1993 og lauk diplómu í stjórnun menntastofnana frá Háskóla Íslands 2008.

Hildur Skarphéðinsdóttir

Hildur Skarphéðinsdóttir er skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Hún lauk M.Sc. í Early Education frá University of Strathclyde í Glasgow 2002.

Hjörleifur Hjartarson

Hjörleifur Hjartarson er tónmenntakennari að mennt og hefur starfað við kennslu í fjölda ára samhliða ritstörfum og tónlist. Hann var meðlimur í Tjarnarkvartettinum og er annar helmingur Hunds í óskilum. Hjörleifur starfar nú sem forstöðumaður Náttúruseturs á Húsabakka í Svarfaðardal.

Lilja Eypórsdóttir

Lilja Eypórsdóttir er leikskólastjóri í leikskólanum Klettaborg. Hún útskrifaðist frá Fósturskóla Íslands 1978 og lauk B.Ed. gráðu frá Háskóla Íslands 2009.

Takk fyrir komuna á ráðstefnuna 😊



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar sátu fulltrúar skóla- og frístundasviðs, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla.